



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA  
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR  
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI  
2019-2020

OKTÓBER 2020



## Inngangur

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur starfað í þrettán ár. Starfsemi félagsins snýst um að stuðla að tengslamyndun félagsmanna og styðja við fræðslu og umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Þessu nær félagið fram með margvíslegum viðburðum.

## Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2019 var haldinn í Petersen svítunni í Gamla bíó á Hrekkjavöku, þann 31. október. Í stjórn voru kosnar Ragnhildur Freysteinsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Í stjórn frá síðustu kosningum voru Birgitta Stefánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Steinar Kaldal. Í varastjórn var Anna Margrét Kornelíusdóttir. Engin framboð buðust í sæti varamanns í stað Egils Skúlasonar og var samþykkt að stjórn verði falið að kalla eftir varamanni.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og er Steinar Kaldal formaður, Birgitta Stefánsdóttir gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Tinna Eiríksdóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt fjóra stjórnarfundi á starfsárinu; 15. nóvember, 30. janúar, 5. mars og 10. september. Stjórnarmenn voru þar fyrir utan í miklum samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar félagsins. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi.

## Fjármál félagsins

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega, eins og sjá má í ársreikningi félagsins. Félagsgjöld eru óbreytt frá fyrra fjárhagsári, kr. 3.000. Innheimta félagsgjalda hefur gengið nokkuð vel, en krafa félagsgjalda var stofnuð 1. júlí 2020 og voru enn 25 ógreidd félagsgjöld í lok fjárhagsárs (31. ágúst 2020) sem skýrist að einhverju leyti á því að krafa var stofnuð mánuði seinna en á síðasta fjárhagsári. Félagsmenn eru nú 118.

Eigið fé í lok fjárhagsárs var 1.512.837 krónur. Gjöld ársins voru töluvert lægri en fyrra fjárhagsár, eða 288.292.- miðað við 472.556.- árið áður. Þetta skýrist af fáum viðburðum vegna Covid-19.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2019-2020 voru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

## Starfsemi félagsins á starfsárinu

### **Nefndir**

Ein nefnd starfar nú innan félagsins – Námsnefnd. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar. Fulltrúi námsnefndar fundaði með fulltrúum stjórnar þann 5. desember þar sem ræddar voru tillögur námsnefndar að breytingum á 4.gr. í lögum félagsins sem snýr að námskröfum félagsmanna. Breytingarnar verða lagðar fyrir á aðalfundi félagsins 2020.

### **Viðburðir á vegum félagsins á starfsárinu**

- 5. desember: Jólaglögg og spjall um umhverfismál sveitarfélaganna með Sigrúnu Maríu Kristinsdóttir hjá Kópavogsbæ og Hrönn Hrafnadóttur hjá Reykjavíkurborg.
- 19. febrúar: Heimsókn til rannsóknarstöðvar Skógræktarinnar á Mógilsá.

- 6. maí: Veffyrirlestur frá meistaranemum við Columbia háskóla um ytri rýni þeirra á Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum.

### **Samfélagsmiðlar**

Félagið hefur vefsíðu, [www.fumi.is](http://www.fumi.is), sem inniheldur almennar upplýsingar um félagið og starf þess. Upplýsingum um viðburði er miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila.

### **Samstarf**

Félagið skrifaði þann 13. febrúar undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Í framhaldinu framkvæmdi EHÍ fræðslukönnun meðal félagsmanna þar sem fengust um 40 svör. Spurt var út í meðal annars hvaða skipulag á námskeiðum hentaði best og hvaða efni félagsmenn höfðu áhuga á. Meðal viðfangsefna sem félagsmenn hafa áhuga á að fræðast meira um var framtíðarfræði, valdefling, hringrásarhagkerfið, visthagfræði og umhverfislögfræði.

Eftir að samningur lá fyrir var sendur út markpóstur á félagsmenn með upplýsingum um afslátt (20% af 2 námskeiðum á hverju misseri). Einnig benti EHÍ í markpóstum sérstaklega á námskeið sem félagsmönnum gætu þótt áhugaverð miðað við niðurstöður fræðslukönnunarinnar.

Félagið stefnir á að halda áfram virku samstarfi og samtali við EHÍ og skoða áframhaldandi möguleika á bæði endurmenntun félagsmanna en líka hvernig félagið getur stutt við EHÍ í því að auka umhverfisvitund í samfélaginu.

### **Lokaorð**

Stjórn Félags umhverfisfræðinga hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta viðburði, bæði smærri og stærri. Áætlanir um viðburði röskuðust ítrekað vegna ráðstafana vegna Covid-19 og því varð minna um viðburði á vegum félagsins en verið hefur og til stóð. Þótt fjarfundarbúnaður leysi úr ýmsum málum varðandi samskipti á tímum Covid-19 hentar slíkt ekki fyrir alla þá viðburði sem búið var að leggja drög að. Stjórnin er hins vegar ákveðin í því að koma þeim í framkvæmd, þegar betur „viðrar“ til viðburða.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga vill þakka félagsmönnum og öðrum kærlega fyrir góð samskipti á starfsárinu. Sérstakar þakkir eru færðar þeim aðilum sem lögðu viðburðum félagsins lið við undirbúning eða með mætingu.